

# Fjallskilanevnd Ölfus

**Fundur Fjallskilanevndar Ölfus haldinn í Ráðhúsi Ölfus 24.08.2023 kl: 17:30.**

Mætt eru Björn Kjartansson formaður, Halldór Guðmundsson varaformaður, Baldur Guðmundsson varamaður, Páll Stefánsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Snorri Þórarinsson.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Formaður býður fundarmenn velkomna og setur fund.

1. Gengið frá Fjallseðli. Fyrirkomulag leita og útrétta með tímasetningum. (sjá fylgiblöð)
2. Lagt fram til kynningar skýrsla um viðhaldspörf og endurnýjun girðinga á vegum Sveitarfélagsins Ölfus frá Girðingapjónustu suðurlands. (Sjá fylgiskjal)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.

Björn Kjartansson  
Baldur Guðmundsson  
Halldór Guðmundsson  
Páll Stefánsson  
Snorri Þórarinsson  
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Viðhaldsþörf og endurnýjun girðinga á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Afréttargirðing sveitarfélagsins liggur frá Sogi upp Ingólfsfjall og þvert yfir frammhjá Inghól og niður í klett í gili ofan akurgerðis. Svo er hlið girt neðan við kletta ofan akurgerðis undir hlíðinni upp fyrir Hvamm og uppá grafningsháls. Niður í Djúpagrafning og þaðan upp og austan við Bjarnarfell niður í klyftartungur og upp undir selfjall. Þaðan liggur girðingin niður álút og hrygginn framm á milli gufudals og Grændals. Framm í Hrútafellstinda þar sem hún kemur niður á Grændals aurana og liggur upp með varmá yfir Hengladalaá vestan Ölfusréttar og upp með svartárgljúfri og endar þar neðarlega frammá klett við gljúfrið.

Við fáum 3 nýja spenna með sólarorku speglum og batteríum nú síðsumars og stefnt er á að staðsetja 2 við hlið á girðingunni uppúr gufudal. Annar þjónustar þaðan niður á grændalsaura og hinn þaðan upp að hliði á gönguleið ofan álúts. Svo er spennir í fjárhúsinu í Hvammi sem þjónustar þá frá gönguhliði ofan álúts og upp hlíðina ofan akurgerðis. Einn spennir fer svo á Ingólfsfjall. Verður staðsettur við gönguhlið við Inghól. Við bindum vonir við að með þessari aukningu á spennum náum við að auka spennu girðingana talsvert og auka fjárheldni þeirra til muna. En aukning ferðamanna á svæðinu gerir það að verkum að lítill friður er fyrir fé sem vant er að vera í dölum og fer það að leita á ný svæði. Skoða þarf hvort ekki sé heppilegra að sleppa öllu fé ofan ölkelduhálss vegna aukningu ágangs á dalasvæðinu.

Dalassvæði. Svartárgljúfur að Álút.

Fjarlægja þarf aflagðar girðingar í Rjúpnabrekkum og hvömmum við ölfusrétt og gönguleið í Reykjadal. Taka þarf úr ám á svæðinu að hausti. Staura þarf upp rafgirðingu á tveim stöðum, innan tinda smá kafla og svo neðan við álút. Endurnýja þarf hliðstaura og tengingar á hliði neðan við álút.

Álútur/ akurgerði.

Ástand á þessum kafla er nokkuð gott inn til fjalla en undir Ingólfsfjalli í gegnum heimalöndin eru mörg hlið og kominn tími á að fara heildstætt í að endurnýja hliðstaura og jarðkappla.

Ingólfsfjall.

Endurnýja þarf allann þanvír í girðingunni uppá Ingólfsfjalli. Hann er mikið ryðgaður og næst þar af leiðandi lítil spenna á strengina. Einnig þarf að Endurnýja hlið við Inghól.

Þar sem girðingin kemur niður í sog liggur hún um skriðu í gili efst í brúninni og þar þarf að huga að því fljótlega að fara endurnýja staura vegna hreyfingu skriðunnar. Sumarhús er neðst í hlíðinni og liggur girðingin þar rétt við. Þar er búið að planta mikið af trjám og eru þau farin að vera fyrir. Of nærri girðingunni og ekki hægt að komast á hjóli með henni lengur því búið er að planta alveg að henni.

## Í útréttir 2023 fara þessir menn:

FOSSVALLARÉTT	Páll Stefánsson og Guðmundur Ingvarsson
I. GRAFNINGSRÉTTIR	Halldór Guðm. Björgvin Ásgeirs. og Baldur Guðm.
II. GRANFINGSRÉTTIR	Halldór Guðm.

Þeim sem fara í útréttir ber að hirða fé úr Mosfells-, Seltjarnarnes-, Grafnings- og Kópavogshreppum og einnig úr Reykjavík, þar sem þess gerist þörf. Þetta fé skal sótt af eigendum í Ölfusrétt mánudaginn 18 september u.þ.b. kl 16.00 Heimalönd ber að smala til rétta.

Sérstaka áherslu leggur nefndin á að engjalönd og annað láglandi sé smalað fyrir réttir.

Fjáreigendur eru áminntir um að hafa dilka sína í lagi þegar réttir byrja.

Nefndin áskilur sér rétt til að breyta réttum ef þess gerist þörf.

Þeir sem telja sig þurfa að senda unglinga á fjall, ber að gera það í samráði við leitarstjóra. Leitarmönnum ber að vakta safnið og koma því til rétta samkvæmt fyrirmælum leitarstjóra.

Athygli skal vakin á því að samkvæmt 10 grein fjallskilareglugerðarinnar er hverjum þeim sem ekki innir af höndum fjallskil samkvæmt fyrirlagi fjallskilaneftndar skylt að greiða sem nemur hálfum öðrum fjallskilum hans sjálfs í fjallskilasjóð.

Fjallskilaneftnd greiðir fyrir leitir samkvæmt fjallskilaseðli.

Að gefnu tilefni skulu leitarmenn gefa sig fram við leitarstjóra að lokinni smölun hverju sinni.

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarssonar nr. 733/2012 er óheimilt að sleppa aftur fé úr haustréttum á afrétti.

## Fjallseðill fyrir „Austurleit“ 2023.

	I leit: Sunnudagur 17 september	Laugardagur 23 september	II leit: Sunnudagur 1 október
Jón og Stefán. Gljúfri	2 menn	3 menn	
Halldór Guðundsson. Nautafli	4 menn	8 menn	4 menn
Helga Pálsdóttir. Kjarri	2 menn	3 menn	2 menn
Guðmundur Ingv. Akurgerði	1 maður	3 menn	2 menn
Jón Gíslason, Bakkatjörn 8 Self		2 menn	
Þorsteinn. Reykjarkoti	2 menn		2 menn
Baldur Guðmudnsson. Kirkjuferju		4 menn	

Mæting í Djúpadal kl 9.00

## Fjallseðill fyrir „Miðleit“ 2023.

	I leit: 16 og 17 sept	II leit: 30 sept og 1 okt
Monika, Kröggólfstöðum	2 menn	2 menn
Björn. Grásteini	3 menn	2 menn
Björgvin. Hlíðartungu	4 menn	3 menn
Helga Pálsd. Kjarri	laugardagur 2 menn	2 menn
Halldór. Nautafli.	laugardagur 3 menn	2 menn
Kristján Gunn. Rauðalæk	2 menn	2 menn
Páll Stefánss. Stuðlum	3 menn	2 menn
Baldur Guðm. Kirkjuf	3 menn	3 menn
Kjartan Ólafs. Hlöðutúni	1 maður	1 maður
Jóhann Gunnl. Núpast 6	1 maður	1 maður
Gunnlaugur Lárusson. Núpastíg 4	1 maður	1 maður
Friðrik. Læk	1 maður	1 maður

Smalar í miðleit mæti við Húsmúlarétt kl 8.00 smaladaga.

## Fjallseðill fyrir „Selvogshólf“ 2023

Fyrsta leit laugardaginn 23. september, réttað sunnudaginn 24.  
september kl 9.00

Leitarstjórn í vesturleit: Friðrik Þórarinsson

Leitarstjórn í austurleit: Snorri Þórarinsson

Leitarmenn:

		Vesturleit	Austurleit
Þórarinn Snorrason,	Vogsósum	2 menn	2 menn
Valur Snorrason,	Vindási	1 menn	
Tómas Gíslason, Dánarbú	Þorlákshöfn		1 maður
Gunnar Snorrason,	Þorlákshöfn		1 maður
Gunnar Gunnarsson,	Grímslæk		4 menn
Friðrik Þórarinsson,	Vogsósum	7 menn	3 menn
Snorri Þórarinsson,	Vogsósum	3 maður	5 menn

## Fjallseðill 2023.

Fjallskilanevnd Ölfus gerir kunnugt að hinar venjulegu haustleitir og sauðfjárréttir fara fram eftirtalda daga.

Smalað er í Ölfusi 16. og 17. september og 30. september og 1. október.

Austurleit smalar Ingólfsfjall 23. september.

Réttað verður í Ölfusrétt sunnudaginn 17. september kl. 15.00.

Réttað verður í Húsmúlarétt laugardaginn 16. september kl 13.00.

Smalað er í Selvogi 23. september.

Réttað í Selvogsrétt sunnudaginn 24. september kl 9.00.

Leitir fara fram undir stjórn þessara manna:

Ölfus:

Miðleit: Páll Stefánsson, Stuðlum

Austurleit: Halldór Guðmundsson, Nautafötum

Selvogur:

Austurleit: Snorri Þórarinsson, Vogsósum

Vesturleit: Friðrik Þórarinsson, Vogsósum

Réttarstjóri Ölfusrétta er Halldór Guðmundsson, Nautafötum og réttarstjóri  
Selvogsrétta er Þórarinn Snorrason, Vogsósum

Allir smalar þurfa að taka þátt í að draga sundur féð.